

15. janúar 2008

Gæðastefna Menntasviðs Reykjavíkurborgar

Menntasvið hefur að leiðarljósi að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Grunnskólar eru ein af meginstoðum samfélagsins þar sem starfið er undirstaða framþróunar fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið.

Menntasvið mun ávallt uppfylla þær opinberu kröfur sem gilda um starfsemina hverju sinni og tryggja aðgang að upplýsingum og þekkingu sem eru á verkswiði þess með gæði að leiðarljósi.

Menntasvið leggi metnað sinn í gott samstarf við starfsfólk skóla, nemendur, foreldra og aðra hagsmunaaðila og veiti ávallt faglega og góða þjónustu á sem hagkvæmastan hátt.

Á Menntasviði séu árangursríkir stjórnunarhættir og þar starfi hæft, vel þjálfað og ánægt starfsfólk sem vinni saman sem ein heild. Menntasvið sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem hvatt er til starfsþróunar og þar skipti frumkvæði og álit starfsfólks máli.

Til að ná settum markmiðum verður tekið upp gæðastjórnunarkerfi byggt á ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum.

Fræðslustjóri er ábyrgur fyrir því að starfsfólk Menntasviðs þekki gæðastefnuna og hafi hana að leiðarljósi í starfi sínu.